

ÝMSAR ÁBENDINGAR

Valáfangar

Margir nemendur geta tekið námsgreinar að eigin vali sem hluta af námi sínu. Nemendum er sérstaklega bent á að í boði eru sérstakir valáfangar í verk- og listgreinum til þess að kynnast nýjum námsgreinum. Lista yfir þessa áfanga er að finna í listanum, „valáfangar“ og „óflokkaðir áfanga“ í *áfangar í boði* hér að framan.

Valáfangar:

HTL 111 **Tauþrykk**

HTL 211 **Þæfing**

MAT132 **Matreiðsla-Heimsferð**

SKO 311 **Skokk á eigin hraða**

TOT 172 **Tæki og tól**

FER103 - Ferðamálafræði

MAT132-Heimsins matreiðsla

Nemendur kynnast og spreyta sig í eldhúsinu á framandi matreiðslu frá ýmsum löndum ss Spáni, Frakklandi, Ítalíu, Íslandi, Tælandi, Tyrklandi, Norður-Afríku, austurlöndum og Mexíko.

Ferðamálafræði – FER 103

Undanfara: ENS202/203 og DAN202

Atvinnugreinin ferðaþjónusta. Farið verður í skilgreiningar á hugtökum, sem notaðar eru innan ferðaþjónustunnar, þróun og stefnumótun ferðaþjónustu á Íslandi og framtíðarhorfur hennar skoðaðar. Lög og reglur. Áfanginn er símatsáfangi. Nemendur halda verkefnaöppu (portfolio) sem inniheldur verkefni annarinnar.

Tæki og tól (TOT172)

Að efla skilning og grunnþekkingu nemenda á tækjum sem tengjast ljósmyndun og myndbandsgerð, ásamt því að farið verður grunnatriði lýsingar og hljóðvinnslu.

DAN212-F

Undanfari: DAN202

Hagnýtur dönskuáfangi. Nemendur vinna áfram með texta og orðaforða en áherslur eru á verkefnavinnu sem tengist ferðamennsku. Nemendur búa til munnlegar og skriflegar kynningar og safna verkefnum í verkefnaöppu (Port Folio). Nemendur fá þjálfun í að nýta upplýsingartæknina við verkefnavinnu

NÁM 173. Áfangi fyrir nemendur með dyslexíu, ADHD og aðra námsörðugleika

Skólinn býður upp á sérstakan áfanga fyrir þá nemendur sem glíma við lestrarörðugleika (dyslexíu), ADHD eða annað sem truflar námið. Nemendur eru hvattir til þess að nýta sér þetta tilboð og sækja um nám í áfanganum. Leitið upplýsinga hjá námsráðgjafa ef þið hafið áhuga.

Þátttaka í félagslífi

Nemendur sem taka virkan þátt í félagslífi skólans, t.d. stjórn nemendafélagsins, kórnum eða starfsemi leikfélagsins, fá það metið til valeininga. Nánari upplýsingar veita kennslustjórar eða áfangastjórar.

Kjörsviðsáfangar

Á stúdentsbrautum þarf að huga að kjörsviðsgreinum. Nám á kjörsviði nemur samtals 30 einingum. Kjörsviðið felur í sér sérhæfingu nemenda í samræmi við lokamarkmið námsbrautar. Nemendum ber að velja a. m. k. þrjár kjörsviðsgreinar.

Þegar nemendur velja sér kjörsviðsgreinar er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga.

- Nemendur velja sér þær kjörsviðsgreinar sem best búa þá undir það framhaldsnám sem þeir hyggjast leggja stund á.
- Nemendur verða að ljúka a.m.k. 9 einingum í tiltekinni kjörsviðsgrein.
- Ef um skyldar námsgreinar er að ræða er heimilt að telja saman einingar þeirra. Þannig geta t.d. líffræði og lífeðlisfræði myndað kjörsviðsgrein, sálfræði og uppeldisfræði, saga og heimspeki o.s.frv. (Sjá nánar í brautalýsingum)
- Kjörsviðsgreinar verða að vera a.m.k. þrjár.
- Nemendur geta valið allt að 12 ein. af kjörsviðum annarra brauta. Þannig geta nemendur á félagsfræðabraut tekið líffræði (kjörsviðsgrein náttúrufræðibrautar) sem kjörsviðsgrein.
- Sérgreinar starfsnámsbrautar geta flokkast sem kjörsviðsgrein, allt að 12 einingar.

Náms- og starfskynning (NSK196)

- Nýnemar (1. ár eftir grunnskóla) á almennri braut eiga kost á að taka áfangann NSK196 þar sem kynntar eru helstu verknámsbrautir skólans og unnin smærri verkefni.